

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 16. gr. kemur ný málsgrein svohljóðandi: Löggildingarstofa hefur eftirlit með persónuhlífum sem settar eru á markað hér á landi og ætlaðar eru fyrst og fremst til einkanota, sbr. reglugerð um persónuhlífar til einkanota. Samvinnunefnd Löggildingarstofu og Vinnueftirlits ríkisins gerir árlega tillögu til stjórnar Vinnueftirlitsins sem ákveður hvaða persónuhlífar eru fyrst og fremst ætlaðar til einkanota.

2. gr.

Lokamálsliður 19. gr. fellur brott.

3. gr.

Reglur þessar, sem eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið hvað varðar þátt Löggildingarstofu samkvæmt lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eru hér með staðfestar af félagsmálaráðuneytinu til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. ágúst 1999.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

Nr. 585

25. ágúst 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, undirgöng við Skeiðarvog.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Breytingin felst í gerð undirganga undir Skeiðarvog sunnan hringtorgs á mótum Skeiðarvogs og Suðurlandsbrautar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.